



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 14. desember 2015

R14010066

5214-0

Borgarráð

Perlan - auglýsing til leigu

Óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að auglýsa Perluna til leigu með hjálagðri auglýsingu.

Greinagerð: Innkaupadeild, fyrir hönd skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mun auglýsa leigurémið og taka á móti umsóknum frá áhugasömum.

Í meðfylgjandi auglýsingu er óskað eftir áhugasömum aðilum til að setja upp sýningu um náttúru Íslands í Perluna. Áhugasamir hafa þá samband við innkaupadeild Reykjavíkurborgar sem afhendir þeim þá kynningarhefti sem útskýrir nánar verkefnið, markmið borgarinnar og þá þætti sem borgin mun leggja til hliðsjónar við val á samstarfsaðila. Ef aðilar hafa frekar spurningar varðandi valið þá munu þeir beina þeim spurningum til innkaupadeildar sem mun þá afla svara og senda á alla sem hafa óskað eftir frekari gögnum.

Þegar aðilar hafa sent inn umsóknir er gert ráð fyrir því að borgin geti tekið upp viðræður við þá umsækjendur, sem uppfylla skilmála auglýsingu, og eftir atvikum óskað eftir því að þeir breyti tilboðum sínum svo þau falli betur að markmiðum borgarinnar. Að viðræðum loknum mun valnefnd leggja fram niðurstöðu til borgarráðs með tillögu um áframhaldandi viðræður við þann aðila sem hefur skilað bestu hugmyndinni. Framangreint ferli á sér fyrirmynd í lögum um opinber innkaup en tilgangur þeirra er m.a. að tryggja jafnræði fyrirtækja og efla nýsköpun.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Tillaga að auglýsingu



Náttúra Íslands í Perlunni

Reykjavíkurborg óskar eftir umsóknum áhugasamra aðila um rekstur á sýningu í Perlunni sem fjallar á metnaðarfullan hátt um náttúru Íslands.

Gert er ráð fyrir því að náttúrusýning skapi nýjan og áhugaverðan áfangastað í Öskjuhlíð sem dragi til sín fjölda innlendra og erlendra gesta.

Húsnæði Reykjavíkurborgar í Perlunni er til ráðstöfunar í verkefnið. Annars vegar meginbygging og hins vegar einn af sex hitaveitutönkum Orkuveitu Reykjavíkur.

Leigusamningur um meginbyggingu verður ótímabundinn með uppsagnar-ákvæðum en leigusamningur um hitaveitutank verður í samræmi við leigusamning Reykjavíkurborgar við Orkuveitu Reykjavíkur sem rennur úr 1. nóv 2023 en framlengist þá að óbreyttu um fimm ár.

Áhugasamir aðilar skulu senda tölvupósttil innkaupadeildar Reykjavíkur, utbod@reykjavik.is, til að fá nánari upplýsingar um verkefnið.

Umsóknum um þátttöku skal skilað rafrænt á netfangið utbod@reykjavik.is eigi síðar en 20. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/perlan

